

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Niðurstöður kennslukönnunar í fjarnámi VMA haustönn 2015

Verkmenntaskólinn á Akureyri
Sigríður Huld Jónsdóttir tók saman
18. desember 2015

Kennslukönnun í fjarnámi haustönn 2015

Samkvæmt 40. og 41. gr. laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 skal hver framhaldsskóli meta kennslu og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Mennta- og menningarmálaráðuneytið lætur síðan gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti. Verkmenntaskólinn á Akureyri gerir áfanga- og kennslumat á meðal nemenda dagskóla á hverri önn samkvæmt verklagi í gæðahandbók VMA (sjá [VKL 402](#)).

Tilgangur kennslukannanna er að kanna hvernig til hafi tekist í áfanganum með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Kennslukannanir í fjarnámi VMA hafa ekki verið reglulegar en síðasta könnun fór fram á haustönn 2012 og þar áður árið 2008.

Könnunin var unnin í gegnum könnunarforritið *SurveyMonkey* og fengu nemendur tölvupóst frá skólanum (kannanir@vma.is) með slóð á könnunina. Alls voru sendar út 316 kannanir og fengust 88 svör eða tæplega 28% svörun sem er mjög dræm svörun. Nemendur fengu ítrekun í tölvupósti þrisvar sinnum en allt kom fyrir ekki, fleiri svör fengust ekki. Ef nemandi var í fleiri en einum áfanga fékk hann könnunina bara einu sinni enda spurt almennt um fjarnámið óháð kennara og áfanga. Ábendingar þar sem nafn kennara eða áfanga kom fram voru senda í tölvupósti til viðkomandi kennara. Fjöldi kennara á haustönn 2015 voru 45 og 79 áfangar í boði í fjarnámi. Hægt er að nálgast niðurstöður á heimasíðu VMA.

Kennslu- og áfangamat í fjarnámi VMA - Haustönn 2015

1. Samskipti mín við kennarann hafa verið góð		
Svarmöguleikar	Svar prósentu	Fjöldi svara
Mjög sammála	48.9%	43
Frekar sammála	39.8%	35
Frekar ósammála	9.1%	8
Mjög ósammála	2.3%	2
	Svara spurningu	88
	Sleppa spurningu	0

2. Kennarinn hefur komið námsefni vel til skila		
Svarmöguleikar	Svar prósentu	Fjöldi svara
Mjög sammála	30.2%	26
Frekar sammála	58.1%	50
Frekar ósammála	8.1%	7
Mjög ósammála	3.5%	3
	Svara spurningu	86
	Sleppa spurningu	2

3. Í áfanganum eru fjölbreytileg kennslugögn og verkefni

Svarmögluleikar	Svar prósentu	Fjöldi svara
Mjög sammála	29.9%	26
Frekar sammála	48.3%	42
Frekar ósammála	16.1%	14
Mjög ósammála	5.7%	5
<i>Svara spurningu</i>		87
<i>Sleppa spurningu</i>		1

4. Kennarinn hefur lagt fram náms-/kennsluáætlun í áfanganum

Svarmögluleikar	Svar prósentu	Fjöldi svara
Já	93.2%	82
Nei	2.3%	2
Veit ekki	4.5%	4
<i>Svara spurningu</i>		88
<i>Sleppa spurningu</i>		0

5. Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum

Svarmögluleikar	Svar prósentu	Fjöldi svara
Mjög sammála	37.5%	33
Frekar sammála	45.5%	40
Frekar ósammála	14.8%	13
Mjög ósammála	2.3%	2
<i>Svara spurningu</i>		88
<i>Sleppa spurningu</i>		0

6. Hve margir virkir dagar að jafnaði líða frá því að þú skilar verkefni þar til þú hefur fengið það til baka yfirfarið?

Svarmögluleikar	Svar prósentu	Fjöldi svara
Innan við einn dagur	6.8%	6
Tveir virkir dagar	31.8%	28
Þrjú til fimm virkir dagar	33.0%	29
Lengri tími	21.6%	19
Á ekki við þar sem öll verkefni eru gagnvirk	6.8%	6
<i>Svara spurningu</i>		88
<i>Sleppa spurningu</i>		0

7. Hve margir virkir dagar að jafnaði líða frá því að þú sendir inn fyrirspurn þar til þér hefur verið svarað?

Svarmöguleikar	Svar prósentu	Fjöldi svara
Innan við einn dag	33.0%	29
Tveir virkir dagar	38.6%	34
Þrjú til fimm virkir dagar	12.5%	11
Lengri tími	4.5%	4
Hef ekki sent kennara fyrirspurn	11.4%	10
Svara spurningu		88
Sleppa spurningu		0

8. Kennsla og verkefnaskil í áfanganum fara fram:

Svarmöguleikar	Oftast	Stundum	Aldrei	Fjöldi svara
Með innlögn frá kennara í Moodle svo sem glærum, kennslubréfum og vefvísunum.	58	19	9	86
Með gagnvirkum verkefnum í Moodle þar sem nemendur fá sjálfvirka endurgjöf strax.	35	22	26	83
Með öðrum verkefnaskilum í Moodle svo sem skriflegum verkefnum í gegnum skilakassa þar sem nemendur fá endurgjöf frá kennara eftir yfirferð verkefnis.	56	20	9	85
Með tölvupósti frá kennara með leiðbeiningum svo sem glærum, kennslubréfum eða vefvísunum.	13	21	47	81
Með verkefnaskilum sem viðhengi í tölvupósti frá nemanda og kennari gefur endurgjöf með tölvupósti.	14	19	48	81
Með verkefnaskilum í tölvupósti án viðhengis.	11	12	58	81
Með öðrum hætti. Lýstu:				4
Svara spurningu				88
Sleppa spurningu				0

Spurning 8: Kennsla og verkefnaskil í áfanganum fara fram:

Hef afskaplega lítil samskipti haft við kennarann, hef, held ég tvisvar sent fyrirspurnir og svörin komu heldur seint.

við veljum hvort við sendum henni verkefni í tölvupósti eða í skilakassa á moodle

í hverri viku eru verkefni og glæsur sem eiga að styðjast við en ekkert talað um bókina og hver helstu atriðin eru í henni. Óþægilegt fyrir nemanda að fá 40+ bls glærusýningu í hverri viku sem tengist köflum bókarinnar nokkurnvegin og síðan er verkefni í lok viku sem styðst að hluta til við bókina og að hluta við glæurnar.

9. Hversu æskilegt telur þú í þessum áfanga að nemar hafi samskipti sín á milli, vinna hópavinnu og hópverkefni á samskiptavef t.d. moodle?

Svarmöguleikar	Svar prósentu	Fjöldi svara
Mjög æskilegt	8.2%	7
Frekar æskilegt	34.1%	29
Frekar óæskilegt	35.3%	30
Mjög óæskilegt	22.4%	19
Svara spurningu		85
Sleppa spurningu		3

10. Hvers vegna ert þú að taka áfanga í fjarnámi?

Svarmöguleikar	Svar prósentu	Fjöldi svara
Er í dagskólanámi, er að flýta fyrir mér	35.3%	30
Vegna búsetu og fjarlægðar við næsta framhaldsskóla	8.2%	7
Er í vinnu og tek nám með vinnu	45.9%	39
Skólinn sem ég er í skráði mig í áfangann	2.4%	2
Af öðrum ástæðum	18.8%	16
Ef öðrum, hvaða ástæðum?		19
Svara spurningu		85
Sleppa spurningu		3

Spurning 10: Hvers vegna ert þú að taka áfanga í fjarnámi? - af öðrum ástæðum

- Áfangi ekki kenndur í dagskóla
- Áfangi stæ 122 er of léttur svo ég tek 404 stæ með
- Áfanginn er ekki kendur í dagskóla og ég verð að taka hann til að utskrifast.
- Er að bæta við mig Meistaraskólanum
- Er að læra mér til gamans
- Er búin að utskrifast, er í árs pásu en vildi bara halda mig við efnið svo ég myndi nenna í Háskóla
- er í Dagskólanámi og átti eftir að taka nokkra áfanga til að utskrifast með mínum hópi en passaði ekki inn í dagsakólaplan
- Er í vinnu og með 2 börn og er að reyna að klára stúdentinn
- ég er í dagskóla og gekk svo vel að kennarinn minn stakk uppá að ég tæki stærðfræði áfanga í fjarnámi þars ég færi svo létt með áfangan sem ég er í í dagsskólalétt með
- Fag bara kennt í fjarnámi
- Heilsuvandamál
- kom inn í annan bekk í bekkjarkerfi og vantaði þennan áfanga svo ég væri á pari með bekkjarfélögum mínum.
- Mig langaði til að taka þátt í þessu verkefni
- Sænska er ekki kennd í mínum framhaldsskóla
- undirbúningur fyrir annað nám

- Undirbúningur fyrir háskóla
- Var ekki pláss fyrir áfangann á stundatöflunni
- Vegna veikinda
- Þægilegir áfangar til að taka í fjarnámi frekar en dagskóla

11. Samskipti mín við sviðsstjóra fjarkennslu hafa verið

Svarmöguleikar	Svar prósentu	Fjöldi svara
Mjög góð	28.4%	25
Góð	40.9%	36
Ekki góð	2.3%	2
Hef ekki átt samskipti við hann	28.4%	25
Svara spurningu		88
Sleppa spurningu		0

12. Stundar þú eða hefur þú stundað fjarnám í öðrum framhaldsskóla?

Svarmöguleikar	Svar prósentu	Fjöldi svara
Já	23.9%	21
Nei	76.1%	67
Ef "já" - Hver er helsti munurinn á fjarkennslu VMA miðað við þá skóla?		17
Svara spurningu		88
Sleppa spurningu		0

Spurning 12: Stundar þú eða hefur þú stundað fjarnám í öðrum framhaldsskóla?

Hver er helsti munurinn á fjarkennslu VMA miðað við þá skóla?

- "Ég myndi vilja að VMA myndi taka upp val á símati sem sumir skólar bjóða upp á, svo myndi ég vilja fá video kenslu þar sem kennari tekur dæmi til útskýringar á töflu eins og t.d. í stærðfræði og öðrum áföngum, það hef ég séð í öðrum skóla og auðveldar það og fræðir nemandan mun betur.
- og ég myndi vilja sjá fleiri áfanga kennda í fjarnámi eins og séráfanga sem tengjast sérstökum námsleiðum eins og sérfög í iðnaðarbrautum."
- Finn ekki fyrir miklum mun, held það sé einstaklingsbundið, þeas kennararnir bara ólíkir með ólíkar aðferðir. En allir starfi sínu vaxnir.
- Finnst ekki mikill munur a milli fjarnáms i VMA og MTR fyrir utan að það er ekki lokapróf
- Fjarkennslan í hinum skólanum er mjög góð, það er auðveldara að hafa samband við kennarann og fæ einkunn fyrir verkefni mín mikið fljótar.
- Hef stundað fjarnám við 3 aðra skóla og fjarnámið hjá VMA finnst mér best.
- held það sé ekki mikill, hef tekið örfáa áfanga í versló það er kannski bara það að það er mikill munur á áföngum í vma þ.e þeir eru misjafnlega kenndir mér finnst að allir áfangar ættu að vera settir svipaðir upp í moodle kerfinu. Held það séu of margir möguleikar í boði í sumum áföngum eru vikuleg skil þar sem maður fær næstum strax einkunn, en í öðrum dreifist þetta meira og einkunnir koma hægar inn ég hef tekið 2 dönsku áfanga á moodle og

Þeir eru frábærir, mjög skipulagðir og vel aðgengilegir á moodle. allir áfangar ættu finnst mér að vera svipað byggðir upp danska 202 og 212 eru þeir sem ég hef tekið

- Í þeim skóla eru mun betri samskipti a milli min og kennara. Þar eru ekki lokapróf einungis verkefnaskil vikulega.
- Í þeim skóla sem ég var í, setti kennarinn alltaf inn kennslumyndbönd á moodle, sem mér persónulega fannst mjög þægilegt. Þetta á auðvitað ekki við í öllum áföngum en held að einhverjir kennarar gætu nýtt sér þessa tækni.
- "já hjá VA
- Það er miklu betra skipurlag í VMA"
- Meiri útskýringar og efni frá kennaranum sjálfum svo sem myndbönd og glærur sem útskýra reglurnar betur
- "Mun betri leiðbeiningar og leiðsögn í VMA.
- "Svipað...vel sett upp að hafa reglulega litlar kannanir í stað stórra verkefna. Líka gaman að hafa kennslubók á íslensku en ekki ensku eins og hjá versló. Kennarinn mætti samt sem áður vera virkari
- Tók einn áfanga í FÁ og fann ekki mun, það fór fram í gegnum Moodle eins og þessi áfangi sem ég kaus að svara fyrir í þessari könnun og gekk mjög vel eins og þessi.
- Tók nokkra áfanga í versló og undantekningalaust þurfti ég að bíða í einhverja daga eftir svari við spurningu þar. Í VMA er svarað oftast samdægurs eða næst virka dag. Jafnvel um helgar og kvöld.
- Versló
- "Vma er með einhæfara fjárnám en samt betra
- Þetta var mjög svipað

Annað sem þú vilt koma á framfæri um fjárnám VMA, aðra áfanga eða skyld efni

- XXX er besti kennari sem eg hef haft í fjárnámi
- Ekki nógu sáttur með kennarann í XXX. Kennarinn lætur persónulegar skoðanir hafa áhrif á einkunnagjöf, atvikið sem um ræðir var verkefna skil sem átti að skila í verkefnakassa. Kennari lét sterklega í ljós að hann væri ósammála mér og tel ég það hafa áhrif á einkunnargjöfina fyrir umrædda verkefni.
- Er að svara fyrir XXX er í fleiri fögum. Mér finnst verkefnavinnan alltof mikil, það er mjög erfiður texti sem við svörum úr, hvert verkefni tekur amk 2 daga að vinna og það er alltaf stíll sem þarf að skrifa. Auk þess þarf að lesa 2 skáldsögur og skila ritgerð úr annarri en svo er munnlegt próf úr hinni. Það er engin málfræði kennd en ætlast til að við lærum hana sjálf í málfræðibókinni og svörum verkefnum þar auk verkefnanna sem við skilum, bara ekki séns að gera það nema maður sé í engu öðru. Að mínu mati er þetta alltof mikið og ég sé fram á að standa mig illa í prófinu því ég á nánast alfarið eftir að lesa málfræðibókina. Get ekki ímyndað mér annað en að aðrir nemendur séu sammála. En kennari er indæl og allt það, þetta er bara of alltof mikið.
- Er bara mjög ánægður með að haf drifið mig af stað í þetta ;-)
- Ég er í meistaraskólanum, og mér finnst maður oft vera læra gamla og úrelta hluti. Bókhald er t.d. gott dæmi. Ég myndi vilja læra á bókhaldsforrit miklu frekar en þetta handfærða bókhald sem ég held að að enginn noti í dag. Allt í lagi að læra undirstöðureglurnar og allt það, en hitt væri eitthvað sem maður gæti nýtt sér miklu betur.
- Ég er í tvem áföngum í fjárnámi í VMA og ég svaraði þessum spurningum sérstaklega miðað við annan áfangann vegna þess að mér líkar ekki sú kennsla, hef ekki fengið einkanir fyrir nærrum öll verkenfin. En hinn áfanginn sem ég er í er mjög góður og vel skipulagður. Hef ekkert út á hann að setja.

- ég er í XXX, ég hef ekki fengið neinar glærur eða efni ekki heldur fengið moodle aðgang fæ bara spurningar sendar í pósti og þarf að svara þeim í tölvupósti.
- Ég er t.d í fullum skóla og vinnu um helgar þá væri fínt að hafa ekki STRANGAN skiladag. Ég komst til að mynda ekki í að byrja á einu verkefni en þegar það loks gerðist var búið að loka á það verkefni. Hafði samband við kennarann sem sagðist ætla að opna það fyrir mig en það gerðist ekki. sama hversu marga pósta ég sendi, er ekki enn búinn að fá svar. Kennararnir hljóta að vera að fá einhverja launabónusa fyrir að sjá um svona fjarnám sem er allt í góðu ef þeir eru að sinna því, er ekki búinn að finna fyrir mikilli eftirfylgni hjá mínum fjarkennara, nema þegar hann spyr hvort ég sé ennþá í áfanganum þegar ég misti af einu verkefni í 5.viku
- Held að það mætti fara að uppfæra kennsluhætti og kennsluefni í sumum áföngum. það er örari þróun á sumum sviðum heldur en öðrum og kennsluefni verður að vera í takt. Þoli ekki að þurfa að læra eitthvað sem ég veit að nýttist mér ekki vegna þess að aðferðin sem er kennd er orðin úrelt.
- í þeim áfanga sem ég er í kom kennsluáætlun um miðjan október en er áætluð frá byrjun sept. og komu verkefnin þar af leiðandi ekki á réttum tíma, samkvæmt kennsluáætlun voru ekki öll verkefni send út og ekki hefur verið yfirfarið. vonast til að tekið verði á þessum málum.
- Já ég er búin að vera í fjarnámi hér við VMA síðan haustið 2013 og haft nokkra kennara. Þeir eru jafn misjafnir og þeir eru margir, flestir góðir. Núna í haust tók ég tvö áfanga og þeir eru eins og svart og hvítt. Annar fer fram í gegnum moodle og þar eru mjög góðar glósur og alls konar teglar sem hægt er að skoða tengt námsefninu. Verkefnaskil í hinum áfanganum fara fram í tölvupósti og þá ekki með viðhengi, heldur verður að skrifa beint inn í póstinn eða afrita og líma inn í póstinn(gamaldags). Það eru engar glósur og engin umræða frá kennaranum og svo koma svörinn við verkefnaskilunum seint. Var búin að senda 5 fyrstu verkefnin þegar loksins komu svör við þeim fyrstu. Þetta hefur komið fyrir áður í öðrum áfanga að það voru engar glósur eða nokkuð sem kennarin virtist vilja leggja til málanna og svarað seint og illa ef maður sendi póst. Stundum hefur mér fundist fjarnemarnir vera afgangsnemendur og að kennararnir hafi ekki tíma til að sinna okkur. En auðvita eru kennarar jafn misjafnir og nemendurnir en þeir þurfa sumir að taka sig saman í andlitinu sýna okkur meiri áhuga. :-)
- Mér finnst fjarnámskennslan í vma vera yndisleg
- "mér finnst vanta að kennarar setji einkunnir inn í "einkunnir" valmyndina þar getur maður svo einfaldlega séð hvernig maður er að standa sig. oft kemur þetta inn mjög seint, mjög þægilegt að sjá þetta á einni síðu, allar einkunnir áfangans. "
- Mig langar að hrósa XXX. Er í áfanga hjá honum sem ég kveið mikið fyrir en gekk svo virkilega vel, meðal annars vegna þess að hann kemur efninu vel frá sér með góðum sýnidæmum og athugasemdir/samskipti hans eru bæði hvetjandi og leiðbeinandi.
- Vil koma á framfæri að þið eruð að gera mjög góða hluti, ég hef verið að senda tölvupósta á hina ýmsu kennara með fyrirspurn um námið og annað og aldrei þurft að bíða eftir svari lengur en í sólarhring. Kennarar og aðrir sem koma að þessu eiga skilið klapp á bakið fyrir þessi vinnubrögð.
- Vma er með lang besta og henntugasta fjarnámskerfið og þessvegna er ég hjá vma :)
- Hefði ekki verið verra að hafa alla áfanga í gegnum moodle en XXX var engöngu í gegnum tölvupóst."